

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 927/2014, um loðnuveiðar grænlskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2014/2015.

1. gr.

2. og 3. mgr. í ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru grænlskum skipum heimilar loðnuveiðar í flotvörpu frá gildistöku þessarar reglugerðar til og með 2. febrúar 2015 innan svæðis sem afmarkast af línunum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 67° 11' N - 014° 30' V
2. 67° 20' N - 018° 00' V
3. 68° 00' N - 018° 00' V
4. 68° 00' N - 014° 30' V

Grænlskum skipum er einungis heimilt að veiða 35% af aflamarki hvers skips innan svæða skv. 1. og 2. mgr. þessa ákvæðis.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. janúar 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.